

Handbók um nám í Ásgarðsskóla

Upplýsingarit fyrir forsjáraðila

Aug 18, 2025

Kristrún Birgisdóttir og Óskar Finnur Gunnarsson

Velkomin í Ásgarðsskóla

Kæru forsjáraðilar

Velkomin í Ásgarðsskóla. Þessi handbók er hönnuð til að veita ykkur mikilvægar upplýsingar um skólann okkar, stefnur og verklag.

Ásgarðsskóli er grunnskóli fyrir nemendur á unglingastigi þar sem skólastarfið fer alfarið fram á netinu. Námið er sniðið að þörfum hvers og eins en [námsvísir](#) skólans vísar veginn. Nemendur vinna í teyimum eða sjálfstætt en er ekki skipt í bekki. Nemendur gera sínar eigin námsáætlanir í samvinnu og samstarfi við kennara sína og foreldra. Viðfangsefnin stjórna af grunnþáttum aðalnámskrár og þeim en nánari útfærslur eru alltaf í höndum nemenda.

Nemendur eru aldrei á undan eða eftir neinum. Nemendur standa þar sem þeir standa og það er yfirlýst stefna skólans að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Meginviðfangsefni námsins er að nemendur bæti smám saman við sína þekkingu, reynslu og vinnubrögð.

Sýn og stefna skólans 🖱️ Hlekkur hér

Það er mikilvægt að skoða vel áherslur skólans, sýn og stefnu. Starfsfólk skólans leggur sig fram um að stefnan birtist kerfisbundið í starfsháttum skólastarfsins í heild sinni.

ÁSGARÐSSKÓLI

Móttökunámskeið fyrir nýja forsjáraðila

Á skólasetningu skólans er æskilegt að allir nemendur eigi fulltrúa þegar farið er yfir nokkur mikilvæg atriði sem gott er að hafa á hreinu við upphaf skólagöngunnar. Þar fer skólastjórn yfir skipulag skólastarfsins, mikilvæg atriði og hlutverk fullorðinna í lífi nemenda.

Nemendur stunda fullt nám í skólanum. Námsgreinar eru að miklu leyti samþættar og ekki er boðið upp á sérstakar greinar.

Móttaka nýrra nemenda ➡ [Hlekkur hér](#)

Umsjónarkennari býður nemanda og fullorðna fólki hans á móttökufund áður en skólastarf hefst þar sem farið er yfir helstu atriði og skólabyrjun skipulögð. Flestir eru búnir að þessu áður en skólinn hefst.

Nemendur þurfa að hafa nettengda tölvu með myndavél, heyrnartól og gott er að hafa síma eða spjaldtölvu með myndavél ef hægt er. [Sækja má um tækjalán hér.](#)

Velkomin í skýin er fyrsta námslota nemenda. Í lotunni læra þau á öll tæki og tól sem nýtt eru í náminu og öðlast öryggi í námsumhverfinu undir handleiðslu kennara. Allir nemendur fara í gegnum þetta ferli áður en hafist er handa við önnur verkefni.

Samskipti

Mikilvægt er að forsjáraðilar sé með smáforritið *Slack* í símanum sínum og kveikt á tilkynningum. Hér fara fram dagleg samskipti bæði varðandi einstaka nemendur og hópinn í heild. Hér má jafnframt senda skilaboð til kennara og annars starfsfólks.

Tölvupóst til skólans má senda á skolastjorn@asgardsskoli.is og símanúmerið er 555-0023

Námið ➡ [Hlekkur hér](#)

- [Námsvísirinn](#) vísar veginn. Þar er hægt að skoða heildaryfirlit yfir það nám sem fyrirhugað er að fari fram á skólaárinu.
- [Stundaskrá](#). Skólinn byrjar kl. 9 á morgnana, það fer eftir því hversu mikið nemendur fá metið í vali. Sjá á Verkfæratorginu.
- [Verkfæratorg](#). Nemendur, forsjáraðilar og starfsfólk hafa aðgang að þessari læstu síðu. Hér er að finna hlekki inn á helstu gögn og hjálpartæki sem nýtast í náminu, viðbrögð við tæknilegum örðugleikum, tilvísunarhnapp til nemendaverndarráðs o.fl.

- [Askurinn](#) er mikilvægasta námstæki nemenda. Þar eru öll verkefni og gögn sem nemendur þurfa að nálgast. Hér koma fram verkefnalýsingar, leiðbeiningar, viðmið um árangur og hjálpargögn. Nemendur skila verkefnum hingað inn og námsmat er skráð í þetta kerfi.
- [Námsmatsstefna](#) útskýrir hvernig námsmati skólans er háttað. Það er mikilvægt að lesa hana vel.
- Valgreinar - [Hér er hægt að óska eftir að nýta félagsstarf utan skóla sem val.](#)
 - Við viljum gefa nemendum sem fjölbreyttust tækifæri til að nýta valgreinar sínar í nákvæmlega það sem þau vilja. Jafnframt teljum við valgreinar vera kjörið tækifæri til að tengjast nærsamfélaginu sínu og taka virkan þátt utan veggja heimilisins. Nemendum gefst því tækifæri til að óska eftir að fá hluta eða allar valgreinar metnar, til dæmis með þátttöku í íþróttastarfi, skipulögðu tómstundastarfi, námskeiðum, námi í framhaldsskólum eða atvinnutengdu vali. Skilyrði fyrir þessu er að ábyrgur leiðbeinandi sé skráður fyrir valinu og að hægt sé að tengja það aðalnámskrá.
 - Valgreinaskóli er kenndur einu sinni í viku. Nemendur velja eina valgrein af þeim sem standa til boða hverju sinni en framboðið byggir á þeirra eftirspurn.
 - Íþróttaval er kennslustund sem einungis er hægt að fá undanþágu frá sé nemandi að æfa íþróttir utan skóla. Um er að ræða bundið val þar sem nemendur þurfa að uppfylla ákveðin námsmarkmið og skrá hjá sér niðurstöður með stuðningi kennara. Sú hreyfing sem stunduð er hverju sinni er valkvæð upp að vissu marki.
- Undanþágur frá skyldunámi
 - Danska - [umsókn hér](#)
 - Nemendur sem hafa góða færni í öðru tungumáli en íslensku og ensku og tengjast viðkomandi málsvæði, geta sótt um undanþágu frá dönskunámi. Þá stunda nemendur nám á því tungumáli í staðinn. Auk þess vinna nemendur sömu verkefni og aðrir nemendur skólans gera í dönskutímum en þá á því tungumáli sem þau eru að læra. Hér er mikilvægt að færni nemenda í tungumálinu sé nokkur því ekki er hægt að tryggja efnislegan stuðning kennara. Skólinn er í samstarfi við Tungumálaskólann og þar býðst nemendum með grunnfærni í sænsku og norsku að sækja sér áframhaldandi nám í þeim tungumálum.
 - Sund og íþróttir

- Áhersla er alltaf lögð á að finna einstaklingsbundnar leiðir til að sinna hreyfingu og heilsueflingu. Sé það ekki mögulegt er hægt að ræða það sérstaklega og skila inn vottorði. Við hvetjum þó til að reynt sé að finna einstaklingsbundnar leiðir til að stunda hreyfingu í samráði við íþróttakennara.

Mætingar og þátttaka 🖐️ Hlekkur hér

- Í Ásgarðsskóla tölum við um að vera full-komin, hér er átt við að vera fullkomlega á staðnum með huga og líkama meðan skólastarf stendur yfir.
- Við einblínum á framfarir í allri mætingu og þátttöku. Mæting telst aðeins gild sé nemandi í mynd, nema þegar kennari gefur leyfi til annars. Mikilvægt er að nemendur bregðist við skilaboðum og svari þegar til þeirra er talað.
- Veitt er sérstök einkunn í lok hverrar spannar fyrir virkni og þátttöku.
- Skóladagatalið okkar telur 190 daga. Fjölskyldur geta valið 10 daga til að taka frí, óski þær þess.
- Tilkynna á um forföll í Slack-hóp nemenda. Aðeins fullorðnir mega tilkynna um forföll.
- Telji kennari mætingu og þátttöku vera að þróast neikvætt fer strax af stað ferli til úrbóta. Sjá nánar í skólareglum.

📖 9. Skólareglur

- Sé ástæða til að takmarka mætingu í lengri eða styttri tíma vegna aðstæðna nemanda er gerður sérstakur [virknisamningur](#) sem er endurmetinn með reglulegu millibili.

Nemendafélag og nemendaráð 🖐️ Hlekkur hér

- Nemendafélag er starfandi í skólanum. Félagið er hagsmunasamtök nemenda og vinnur eftir starfsreglum sem eru endurskoðaðar á hverju ári.
- Stjórn nemendafélagsins kallar sig Æsi. Nemendafélagið funda tvisvar í mánuði.
- Æsir eru verndarar skóladagatalsins og sjá til þess að uppbrotum og félagslegum þáttum dagatalsins sé framfylgt.

Stoðþjónusta

[Nemendaverndarráð](#) er starfandi við skólann og fundar það fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

Við skólann starfa skólasálfræðingur og náms- og starfsráðgjafi sem eru til viðtals tvo morgna í mánuði og skólahjúkrunarfræðingur sem er við einn morgun í mánuði.

Skólinn er með þjónustusamning við Tröppu um þjónustu talmeinafræðinga og Ásgarð skólaþjónustu um kennsluráðgjöf.

ÁSGARÐSSKÓLI

Fullorðin fólk sem hefur áhyggjur af nemanda eða telur þörf á stoðþjónustu [getur sótt um þjónustu hér](#).

Öryggi og velferð

Fullorðnir bera ábyrgð á öryggi og velferð nemenda á heimilum. Fullorðnum ber að tryggja nemendum öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Hér er átt við góðar vinnuaðstæður, nægan svefn og hvíld, daglega hreyfingu og heilsusamlegt mataræði.

Í skólanum er jafnframt unnið markvisst að forvarnarstarfi og þá er fylgt eftir [6.7 Forvarnaráætlun](#).

Í upphafi skólagöngu móta nemendur öryggisáætlun og kynna þetta fyrir forsjáraðilum í nemendastýrðu viðtali, þannig að öll séu meðvituð um hvaða viðbragðsáætlanir eru í gildi í umhverfi nemandans, svo sem rýmingaráætlanir og viðbrögð við óveðrum og annarri náttúruvá.

[Viðbrögð við tæknilegum erfiðleikum](#) er áætlun um hvernig best er að bregðast við komi upp tæknileg vandamál. Til að forðast slíkt er mikilvægt að uppfæra tölvuna, tryggja að vírusvarnir séu í lagi og nota sterk lykilorð sem endurnýjuð eru reglulega. Mikilvægt er að tilkynna til skólans ef þið verðið vör við grunsamlega starfsemi eða misnotkun á tölvubúnaði.

Sjá nánar í [6.5 Öryggisáætlun Ásgarðsskóla - skóla í skýjunum](#).

Þátttaka fullorðinna

[Fræðsludagskrá forsjáraðila](#) veitir yfirsýn yfir þá fræðslu sem fullorðnum er boðið upp á. Um er að ræða námskeið í upphafi skólagöngu og mánaðarlegri hádegisfræðslu. Fræðslan fer almennt fram í skólastofunni á Zoom.

[Foreldrafélag](#) er starfrækt við skólann. Forsjáraðilar allra nemenda eru sjálfkrafa meðlimir. Foreldrafélagið á tvo fulltrúa í skólaráði. Skólinn treystir á stuðning félagsins þegar kemur að ferðum og öðrum uppákomum þar sem þörf er á sjálfboðaliðum úr röðum fullorðinna.

Skólaping er haldið í mars á ári hverju þar sem allt skólasamfélagið er kallað til samráðs um skólastarfið.

Auk þess er fullorðna fólkinu í lífi nemenda boðið í nemendastýrt viðtal á sex vikna fresti og á reglulegar kynningar og opna viðburði.

Ávallt er velkomið að hafa samband, óska eftir samtali og ráðgjöf eða líta við í skólanum.

ÁSGARÐSSKÓLI

Heimavinna

Í skólanum er allt nám unnið heima. Nemendur sem nýta tímann sinn vel ættu þó að geta skilað flestu á skólatíma. Nemendur setja sér gjarnan verk- og tímaáætlanir og þeir geta stefnt að því að skara fram úr með því að verja meiri tíma í verkefnin en gert er ráð fyrir og/eða vinna þau hraðar.

Hreyfing og heimilisfræði falla jafnframt að einhverju leyti utan skólatíma.

Við hvetjum til daglegs lesturs og daglegrar útvistar og hreyfingar.